

# Austurbæjarskóli - Ytra mat



September 2017



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið

**Ritun skýrslu:**

Sigrún Harpa Magnúsdóttir, ritstjóri

Dröfn Rafnsdóttir

Guðrún Edda Bentsdóttir

Hrund Logadóttir

Nanna Kristín Christiansen

Ragnheiður Axelsdóttir

Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

**Töflur og myndir:**

Hallgerður Inga Gestsdóttir

**Ljósmynd forsíðu:**

Erling Ó. Aðalsteinsson

<b>INNGANGUR</b> .....	5
Austurbæjarskóli .....	6
SAMANTEKT – GREINING Á SKÓLASTARFI Í AUSTURBÆJARSKÓLA .....	7
<b>STJÓRNUN - SAMANTEKT</b> .....	9
Fagleg forysta .....	9
Stefnumótun og skipulag .....	11
Samskipti heimila og skóla .....	12
<b>NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT</b> .....	13
Nám og námsaðstæður .....	13
Þátttaka og ábyrgð nemenda .....	15
Skóli án aðgreiningar .....	16
<b>MANNAUÐUR - SAMANTEKT</b> .....	18
Mannauður .....	18
<b>AUSTURBÆJARSKÓLI – YFIRLIT</b> .....	20
<b>FYLGISKJÖL</b> .....	21
Fylgiskjal 1, viðmið um mat á gæðum kennslustundar .....	21
Fylgiskjal 2, vettvangsathugun, gátlisti matsaðila .....	22
Fylgiskjal 3, vettvangsheimsóknir í 38 kennslustundum .....	24
Fylgiskjal 4, árangur og líðan nemenda – yfirlit kannana .....	28

## Myndir:

Mynd 1: Vinna í 38 kennslustundum, einstaklingsvinna eða samvinna.....	25
Mynd 2: Notkun upplýsingatækni í 38 kennslustundum. ....	25
Mynd 3: Markmið gerð sýnileg. ....	26
Mynd 4: Markmið kennslustundar kynnt.....	26
Mynd 5: Mat á 38 kennslustundum í Austurbæjarskóla.....	27
Mynd 6: Lesskimun, hlutfall nemenda sem geta lesið sér til gagns. ....	29
Mynd 7: Talnalykill, hlutfall nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. ....	29

## Töflur:

Tafla 1: Kennsluaðferðir í 38 kennslustundum í Austurbæjarskóla. ....	24
Tafla 2. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Austurbæjarskóla árin 2005-2016 .....	28
Tafla 3: Niðurstöður Lesskimunar og Talnalykils í Austurbæjarskóla.....	28
Tafla 4. Skólapúlsinn, niðurstöður Austurbæjarskóla 2017, virkni nemenda í skólanum. ....	30
Tafla 5: Skólapúlsinn, niðurstöður nemendakönnunar í Austurbæjarskóla, líðan og heilsa. ....	30
Tafla 6: Skólapúlsinn, niðurstöður foreldrakönnunar 2017 .....	30

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður ytra mats í Austurbæjarskóla sem fór fram í september 2017. Matið var framkvæmt af starfsfólki í stýrihópi um heildarmat skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Teymið var skipað sérfræðingum frá tölfraði- og rannsóknþjónustu, fagskrifstofu grunnskóla og frístundastarfs, mannauðsþjónustu skóla- og frístundasviðs og kennsluráðgjafa frá þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness.

Ákveðið var á skóla- og frístundasviði að Austurbæjarskóli yrði einn af þeim skólum sem færu í ytra mat skólaárið 2017-2018. Gagna var aflað með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum en auk þess var farið yfir ýmis gögn skólans. Könnun var lögð fyrir starfsmenn í tengslum við matið og fór hún fram í september 2017. Svarhlutfall var 61%. Auk þess var stuðst við foreldrakönnun sem lögð var fyrir af Skólapúlsinum í febrúar 2017 og nemendakönnun sem eldri nemendur svöruðu í Skólapúlsinum skólaárið 2016-2017. Svarhlutfallið í foreldrakönnuninni var 80% og hjá nemendum var svarhlutfall 88,8%. Einnig var stuðst við niðurstöður fyrir Austurbæjarskóla úr viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar sem lögð var fyrir í febrúar og mars 2017 en svarhlutfall var 56%. Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Leiðarljós við matið er: ***Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.***

Matið er leiðbeinandi og umbótamiðað og markmið þess er að:

- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi.
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum.
- Aðstoða skóla við að efla skólastarfið í ljósi innra og ytra mats og styrkja innviði skólans.
- Veita skólafyrirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum.

Matið er liður í því að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Viðmiðin sem notuð voru til að leggja mat á skólastarfið voru útbúin fyrir þróunarverkefni um ytra mat mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga árið 2012 og eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Viðmiðin voru aðlöguð að stefnu og starfsáætlun Reykjavíkurborgar á skóla- og frístundasviði árið 2014. Þau eru birt á heimasíðu skóla- og frístundasviðs undir yfirskriftinni mat á skólastarfi:

[http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid\\_um\\_gaedi\\_i\\_skolastarfi.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/vidmid_um_gaedi_i_skolastarfi.pdf)

### Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Skýrsla gerð um ytra mat í Austurbæjarskóla.
- Skýrslan afhent skólastjórnendum á fundi með skrifstofustjóra grunnskólahluta á fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs. Skólastjórnendur fá tækifæri til að koma með athugasemdir sem tekið er tillit til við lokagerð.
- Niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna, fulltrúum foreldra og fulltrúum frá þjónustumiðstöð er boðið að sækja þann fund.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins og skilar til grunnskólahluta fagskrifstofu á skóla- og frístundasviði.

### Frekari eftirfylgni:

- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá skóla- og frístundasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Austurbæjarskóli er grunnskóli fyrir nemendur 1.-10. bekkjar. Skólastjóri er Kristín Jóhannesdóttir og aðstoðarskólastjóri þegar matið fór fram er Ólöf Ingimundardóttir.

Kennsla hófst í Austurbæjarskóla haustið 1930. Upprunalega skólabyggingin er nú friðuð að utan en 2001 var tekin í notkun bygging fyrir skólastofur nemenda á yngsta stigi sem er tengd við aðalbygginguna. Í skólanum er sundlaug, íþróttasalur og samkomusalur með hallandi gólfi, auk hefðbundinna kennslurýma. Fjölnota rými, Spennistöðin, er áföst við Austurbæjarskóla að sunnanverðu en þar er félags- og menningarmiðstöð fyrir íbúa Miðborgarinnar og aðsetur félagsmiðstöðvarinnar 100og1.

Í stefnu Austurbæjarskóla kemur fram að Austurbæjarskóli er fjölmennningarlegur skóli án aðgreiningar með nemendur af 30 mismunandi þjóðernum en 35% nemenda eru af erlendum uppruna. Lagt er upp með að skólastarfið sé lagað að þörfum allra nemenda og markmiðið með fjölmennningarlegri kennslu er að nemendur læri að virða fjölbreytileikann og nýta hann á jákvæðan hátt. Einnig kemur fram í stefnunni að lögð sé áhersla á samvinnu og að kennarar skuli beita fjölbreyttum kennsluháttum þannig að nemendur verði virkir í kennslustundum og fái notið hæfileika sinna. Fram kemur í starfsáætlun að fyrirhugað er að endurskoða stefnu skólans, framtíðarsýn og áherslur með þátttöku nemenda, foreldra, starfsfólks og frístundar skólaárið 2017-2018.

Í Austurbæjarskóla voru 413 nemendur skráðir í 1.-10. bekk í október 2016. Þá voru 67 starfsmenn í Austurbæjarskóla í 60,4 stöðugildum, en meðaltal skóla í Reykjavík var 59,6. Í Austurbæjarskóla voru kennarar í 36,1 stöðugildum í október 2016, annað fagfólk í 4,7 stöðugildum, annað starfsfólk í 12,8 stöðugildum og stjórnendur í 2 stöðugildum<sup>1</sup>.

Samkvæmt þessu eru um 7,0 nemendur á hvert stöðugildi sem er lægra en að meðaltal í borginni í heild (7,7).<sup>2</sup> Ef aðeins er miðað við kennara í skólanum eru 11,3 nemandi á hvert stöðugildi sem er einnig lægra en hlutfall nemenda á kennara á landsvísu að meðaltali (12,9).<sup>3</sup>

---

<sup>1</sup> Skv. upplýsingum í Starfsáætlun SFS 2017.

<sup>2</sup> Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014.

<sup>3</sup> Skv. upplýsingum í Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014.

### STYRKLEIKAR.

Skólabragur Austurbæjarskóla einkennist almennt af jákvæðum anda og virðingu. Í viðtölum og rýnihópum nemenda, kennara, starfsmanna og foreldra kom skýrt fram að gagnkvæm virðing er ríkjandi milli nemenda og starfsmanna og samskipti í nemendahópnum eru almennt góð og jákvæð. Starfsandi er góður, að því er fram kemur í rýnihópum starfsmanna og kennara og samskipti í hópnum eru hreinskiptin og góð. Stjórnendur hvetja kennara til samstarfs og til að auka gæði náms og kennslu og þeir fara í vettvangsheimsóknir í kennslustundir og veita kennurum endurgjöf. Stjórnendur hafa unnið sjálfsmatsskýrslu sem byggir á fjölbreyttum gögnum og unnið er að skólaþróunarverkefnum, s.s. um leiðsagnarmat, þróun fjölbreyttra kennsluhátta, geðrækt og heilsueflandi grunnskóla. Kennarar eru almennt jákvæðir gagnvart skólaþróun.

Upplýsingatafla, skóladagatal og fundaráætlun eru sýnileg á kaffistofu starfsmanna, dagskrá funda er send út og fundargerðir ritaðar. Unnið er eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og einelti mælist mjög lágt í skólanum. Skólaráð fundar mánaðarlega og verkefnaskrá fyrir skólaárið er birt á heimasíðu. Skólastjórnendur funda mánaðarlega með stjórn foreldrafélagsins. Skólinn lét gera foreldrakönnun vorið 2017 þar sem m.a. kom fram ánægja foreldra með upplýsingagjöf frá skólanum og niðurstöður Skólapúlsins varðandi líðan og heilsu nemenda koma vel út, en þar kom fram að nemendum líður almennt vel í skólanum og það studdu rýnihópar ytra matsins einnig.

Í vettvangsheimsóknnum matsaðila voru flestar kennslustundir metnar góðar (68%). Heilt yfir voru kennslustundir nokkuð skipulagðar og kennarar höfðu góð tæk á kennslustundunum. Stigvaxandi kröfur og samfella er í námi nemenda, nemendum líður almennt vel, þeir voru vinnusamir í kennslustundum og viðmót var gott. Kennsluskrár (námsvísar) allra árganga og námsgreina eru aðgengilegar á heimasíðu skólans þar sem m.a. er tilgreint hvað liggur til grundvallar námsmati í einstökum greinum og hæfniviðmið, samkvæmt aðalnámskrá, eru birt í kennsluskránum. Gott samstarf er milli unglingadeildar og skólabókasafns varðandi ritunarverkefni og einhverjir bekkir eru með sameiginlega tíma í stundatöflu sem skapar svigrúm til samstarfs. Skólabragurinn einkenndist almennt af viðurkenningu og sanngirni.

Birt stefna skólans endurspeglar sýn um skóla án aðgreiningar og stjórnendur skólans hafa ýmsar hugmyndir um kennsluhætti og skipulag skólastarfs sem styður hugmyndafræðina. Mikil ánægja er meðal kennara með að hafa kost á að leita til námsráðgjafa, þroskaþjálfara og/eða atferlisþjálfara í skólanum.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Þegar matið fór fram var stefnumótunarvinna að hefjast fyrir skólastarf Austurbæjarskóla. Stjórnendur ætla að leggja upp með að vinnan verði samstarfsverkefni allra nemenda, starfsfólks og foreldra, auk þess sem ráðgert er að fulltrúar frístundastarfs og fleiri hagsmunaaðilar komi að vinnunni. Samhliða stefnumótun er ætlunin að mótuð verði gildi eða einkunnarorð skólans og mikilvægt er að það verði einnig samstarfsverkefni hagsmunaaðila. Jafnframt þarf að leggja áherslu á að allir nái að tileinka sér markmið og stefnu skólans og að einkunnarorð verði sýnileg í skólastarfinu. Tryggja þarf einnig að almennir starfsmenn fái endurgjöf á sín störf og fari reglulega í

starfsþróunarsamtöl.

Nýta mætti heimasíðu betur til að miðla fréttum af skólastarfinu og góðum árangri nemenda innan og utan skólans. Nauðsynlegt er að setja inn upplýsingar um skólann og skólastarfið á erlendum tungumálum. Fundargerðir skólaráðs eru á heimasíðu en auka þarf upplýsingagjöf frá skólaráði til nemenda og annarra hagsmunahópa og mikilvægt er að fulltrúar nemenda í skólaráði taki virkan þátt. Kynna ætti stefnu og markmið skólans, námsmarkið og leiðir að þeim betur fyrir foreldrum. Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana séu kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé með niðurstöður.

Tækifæri eru til að auka enn frekar fjölbreytni kennsluhátta og vinna ætti markvisst að því að efla teymis- og samvinnu kennara. Sveigjanleiki er veittur í stundaskrá nemenda en kennarar mættu nýta sér hann betur til að skapa samfellu í námi, t.d. með lotukennslu, smiðjum eða þemaverkefnum. Skólinn hefur leitað til rýnihóps nemenda í 7.-10. bekk á vorin, varðandi hugmyndir að nýjum valgreinum, engu að síður mætti leita frekari leiða til að auka fjölbreytni valgreina á unglingsstigi. Leggja þarf meiri áherslu á að kynna nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur og að setja sér eigin námsmarkmið og að vinna samkvæmt þeim. Huga þarf að því að nemendur fáist við fjölbreytt viðfangsefni og hafi val um útfærslur verkefna. Auka ætti áherslu á umræður nemenda, ígrundun, gagnrýna hugsun, samvinnu og samstarf og auka ætti val nemenda um námsaðferðir eða viðfangsefni. Kynna ætti nemendum mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og leggja ætti meiri áherslu á lýðræðisvinnu með nemendum og kynna fyrir þeim leiðir til þess. Móta þarf leiðir fyrir nemendur til að koma ábendingum á framfæri varðandi skólastarfið og gera ætti upplýsingar og ákvarðanir ráða og nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja í aðgengilegar öllum nemendum. Efla þarf notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu meðal nemenda og koma ætti til móts við nemendur og starfsfólk varðandi bættu aðstöðu og betri tækjabúnað. Mikil tækifæri liggja í því að endurskoða námsmat og heimanám í skólanum með þátttöku allra hagsmunaaðila og lagt er til að verkefni nemenda verði sýnilegri á veggjum skólans og að námsumhverfi sé fjölbreyttara. Gagnlegt væri að bæta merkingar í skólanum, t.d. á kennslurýmum og í anddyri.

Móta þarf heildarsýn skólans um hvernig bregðast eigi við margbreytileika nemendahópsins í skóla án aðgreiningar. Nýr aðstoðarskólastjóri hefur umsjón með stoðþjónustu skólans og mikilvægt er að starfsfólk í sérkennslu og stuðningi fundi reglulega og markvisst. Skólinn nýtir sér vel þjónustu þjónustumiðstöðvar en auka mætti samskiptin enn frekar. Leggja þarf áherslu á að aðlaga námsefni fyrir nemendur sem það þurfa, m.a. að koma betur til móts við nemendur af erlendum uppruna og gera ætti sýnilegra að í skólanum eru margir nemendur með annað tungumál en íslensku. Skýra þarf betur verklag og í hverju stuðningur og aðlögun felst í heildaráætlun skólans. Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár séu gerðar í upphafi skólaárs, þær tengist bekkjarnámskrám, að í þeim séu tilgreind skýr hæfniviðmið, markmið, námsmat og hver ber ábyrgð á hvaða þætti. Í einstaklingsnámskrám ætti einnig að tilgreina hvernig samstarfi við foreldra er háttað og þeir, ásamt nemendum, ættu að hafa tækifæri til að móta áherslur, m.a. út frá áhugasviði, félagslegri þátttöku, sterkum og veikum hliðum. Aðgengi í skólanum fyrir hreyfihamlaða er óásættanlegt og þarfnast úrbóta.

Mikilvægt er að fulltrúi frístundaheimilis eða félagsmiðstöðvar, eftir því sem við á, sitji móttökuvíðtöl með öllum nýjum nemendum. Gott samstarf er við leikskóla, framhaldsskóla og aðrar stofnanir og aðila í grenndarsamfélaginu en mikilvægt er að skrá það verklag og efla enn frekar.



Hér á eftir eru niðurstöður ytra matsins settar fram í viðeigandi köflum, stjórnun, nám og kennslu og mannauður.

## STJÓRNUN - SAMANTEKT

Viðmiðum um stjórnun í grunnskóla er skipt í þrjá meginkafla: *Faglega forystu, stefnumótun og skipulag, og samstarf heimila og skóla.*

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Austurbæjarskóla, í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.<sup>4</sup>

## FAGLEG FORYSTA

**SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STJÓRNANDINN SEM LEIÐTOGI, STJÓRNUN STOFNUNAR, FAGLEGT SAMSTARF OG SKÓLAÞRÓUN**

### STYRKLEIKAR:

- Stjórnendur hvetja kennara til að auka gæði náms og kennslu.
- Skólástjóri fer í kennslustundir til að fylgjast með námi og kennslu og veitir kennurum endurgjöf.
- Stjórnendur vinna þétt og náið saman og skipta með sér verkum.
- Í rýnihópi kennara kom fram ánægja með starfsþróunarsamtöl.
- Allir starfsmenn og aðrir þeir sem sitja í kennslustundum undirrita yfirlýsingu um trúnað og þagnarskyldu.
- Fundaáætlun fyrir skólaárið hangir uppi á kaffistofu starfsmanna og reglulegir fundir eru merktir inn í skóladagatal.
- Dagskrá funda er send út eða hengd upp á töflu og fundargerðir ritaðar.
- Upplýsingatafla og skóladagatal hangir uppi á kaffistofu starfsmanna.
- Sjálfsmatsskýrsla frá 2017 byggir á fjölbreyttum gögnum og er vel unnin en þar kemur fram að umbótaþættirnir sem fjallað er um byggi á niðurstöðum innra mats.
- Unnið er að ýmsum skólaþróunarverkefnum, s.s. um leiðsagnarmat, þróun fjölbreyttra kennsluhátta og heilsueflandi grunnskóla þar sem áhersla er á geðrækt og félagsfærni nemenda.

### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Að lokinni stefnumótunavinnu er brýnt að kynna stefnu og áherslur skólans, fyrir nemendum, starfsfólki og foreldrum.
- Við mótun gilda eða einkunnarorða ættu helstu hagsmunaaðilar að taka þátt og brýnt er að þau verði sýnileg í skólastarfinu
- Nýta mætti heimasíðu betur til að miðla fréttum af skólastarfinu og góðum árangri nemenda innan og utan skólans.
- Gera ætti starfslýsingar fyrir alla starfsmenn og stjórnendur.
- Æskilegt er að allir starfsmenn fari reglulega í starfsþróunarsamtöl.
- Tryggja þarf að allir starfsmenn séu upplýstir um viðbrögð við einelti og áreiti í starfsmannahópnum.
- Leita þarf leiða til að byggja upp traust milli stjórnanda og starfsfólks og auka samstarf innan starfsmannahópsins alls.

<sup>4</sup> <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

- Fundargerðir starfsmannafunda eru aðgengilegar á sameign kennara en tryggja þarf að allir starfsmenn hafi aðgang að þeim og tækifæri til að sækja fundina.
- Bæta þarf upplýsingaflæði og tryggja að allir starfsmenn hafi nauðsynlegar upplýsingar.
- Skrá þarf verklag varðandi samstarf við leikskóla, framhaldsskóla og aðrar stofnanir og aðila í grenndarsamfélaginu þar sem m.a. kemur fram í hverju samstarfið er fólgið og hverjir ábyrgðaraðilar eru.
- Skoða mætti leiðir til að auka enn frekar samstarf við leikskóla og aðrar stofnanir í grenndarsamfélaginu.
- Æskilegt er að virkja matsteymi við skólann sem vinnur að innra mati.
- Setja ætti upplýsingar um þróunarverkefni og helstu áherslur skólans inn á heimasíðu.

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁÆTLUN OG SKÓLANÁMSKRÁ, SKÓLADAGUR NEMENDA OG VERKLAGSREGLUR OG ÁÆTLANIR

#### STYRKLEIKAR

- Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma nemenda.
- Starfsáætlun er uppfærð árlega.
- Kennsluskjár (námsvísar) allra árganga og námsgreina eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Vikulegur kennslutími nemenda er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá.
- Stundatöflur nemendar eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga.
- Gott samstarf er milli unglíngadeildar og skólabókasafns, t.d. varðandi ritunarverkefni.
- Árgangar á yngsta og miðstigi eru með sameiginlega tíma í stundatöflu í tveimur til þremur bóklegum greinum, auk verklegra greina.
- Starfsandi er góður, að því er fram kom í rýnihópum.
- Nemendum líður vel í skólanum, að því er fram kom í rýnihópum nemenda á öllum stigum.
- Unnið er eftir Olweusaráætluninni gegn einelti og einelti mælist mjög lágt í skólanum.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með hvernig tekið er á eineltismálum í skólanum.
- Á heimasíðu eru ítarlegar upplýsingar um þær kannanir og skimanir sem lagðar eru fyrir til að finna þá nemendur sem þurfa á stuðningi að halda.
- Áætlanir um móttöku nýrra nemenda, nemenda með sérþarfir og nemenda með annað móðurmál en íslensku liggja fyrir og eru birtar á heimasíðu.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Í skólanámskrá ætti að fjalla um hvernig unnið er með grunnþætti menntunar.
- Í skólanámskrá ætti að fjalla um hvernig unnið er með áherslur sveitarfélagsins varðandi læsi, verk-, tækni- og listnám, lýðræði, jafnrétti, mannréttindi og fjölmenningu.
- Ræða ætti framkvæmd skólafundar á starfsmannafundum.
- Leggja ætti áherslu á að allir starfsmenn þekki markmið og stefnu vinnustaðarins.
- Móta þarf heildarsýn skólans um hvernig bregðast eigi við margbreytileika nemendahópsins í skóla án aðgreiningar.
- Starfsáætlun mætt birta sem heildstætt skjal á heimasíðu.
- Æskilegt væri að setja á heimasíðu upplýsingar um þá valkosti sem standa nemendum til boða eftir að skóladegi líkur, s.s. um frístundaheimili, félagsmiðstöð, tónlistarskóla og íþróttastarf.
- Tryggja þarf að nemendur hafi tíma til að fara á milli kennslustofa milli kennslustunda og tíma til að komast í og úr sundi og íþróttum áður en næsta kennslustund byrjar.
- Skoða hvort hægt er að lengja matartíma nemenda.
- Kennarar mættu nýta sér betur sveigjanleika í stundaskráum nemenda til að skapa samfellu í námi, t.d. með lotukennslu, smiðjum eða þemaverkefnum
- Leita ætti leiða til að auka fjölbreytni valgreina á unglíngastigi, t.d. með því að nýta mannauðinn í kennarahópnum betur.
- Skilgreina ætti í skólanámskrá hvað felst í góðum skólabrag og hvaða leiðir á að fara til að viðhalda honum.
- Tryggja þarf að skólareglur séu endurskoðaðar reglulega með þátttöku, nemenda, kennara og annarra starfsmanna.
- Mikilvægt er að fulltrúi frístundaheimilis eða félagsmiðstöðvar, eftir því sem við á, sitji móttökuvíðtöl fyrir alla nýja nemendur.

**SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: SKÓLARÁÐ OG FORELDRAFÉLAG, ÞÁTTTAKA FORELDRA Í SKÓLASTARFI OG UPPLÝSINGAMIÐLUN**

**STYRKLEIKAR**

- Skólaráð fundar mánaðarlega.
- Verkefnaskrá skólaráðs fyrir skólaárið 2017-2018 er birt á heimasíðu.
- Fundargerðir skólaráðs eru birtar á heimasíðu.
- Skólastjórnendur funda mánaðarlega með stjórn foreldrafélagsins.
- Kennarar á yngsta og miðstigi senda vikulega upplýsingapósta til foreldra.
- Kennarar á unglíngastigi setja upplýsingar inn í Mentor, m.a. um mætingu í hverri viku.
- Gerð var foreldrakönnun á vegum skólans sl. vor og niðurstöður hennar kynntar.
- Foreldrar eru almennt ánægðir með upplýsingagjöf frá skólanum.

**TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA**

- Æskilegt væri að hafa hlekk á heimasíðu foreldrafélagsins á heimasíðu skólans.
- Skólaráð starfar skv. lögum en æskilegt er að ráðið og stjórn foreldrafélagsins settu sér starfsreglur.
- Mikilvægt er að fulltrúar nemenda í skólaráði taki virkan þátt og séu boðaðir á alla fundi.
- Kynna þarf fulltrúa í skólaráði betur fyrir sínum umbjóðendum.
- Leita þarf frekari leiða til að auka upplýsingagjöf frá skólaráði til nemenda og annarra hagsmunahópa.
- Kynna ætti námsmarkið og leiðir að þeim fyrir foreldrum.
- Efla ætti foreldrasamstarf enn frekar, t.d. með því að bjóða foreldrum að koma og skoða verkefni eða sýningar á verkum nemenda í skólanum.
- Kynna ætti viðmið um foreldarsamstarf frá skóla- og frístundasviði fyrir foreldrum og kennurum og laga þau að þörfum skólans.
- Nýta mætti heimasíðu skólans betur til að miðla upplýsingum og fréttum um skólastarfið.
- Nauðsynlegt er að setja inn á heimasíðuna upplýsingar um skólastarfið á erlendum tungumálum.

## NÁM OG KENNSLA - SAMANTEKT

Í viðmiðum um nám og kennslu í grunnskóla er fjallað um nám og námsaðstæður, þátttöku og ábyrgð nemenda og námsaðlögun.

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Austurbæjarskóla, í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.<sup>5</sup>

## NÁM OG NÁMSAÐSTÆÐUR

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: INNTAK OG ÁRANGUR, SKIPULAG NÁMS OG NÁMSUMHVERFI, KENNSLUHÆTTIR OG GÆÐI KENNSLU, NÁMSHÆTTIR OG NÁMSVITUND

#### STYRKLEIKAR

- Kennsluskrár (námsvísar) allra árganga eru aðgengilegar á heimasíðu.
- Stjórnendur kynna starfsfólki niðurstöður kannana, s.s. nemenda- og foreldrakannana Skólapúlsins og viðhorfskönnun Reykjavíkurborgar.
- Niðurstöður Skólapúlsins varðandi líðan og heilsu nemenda eru góðar fyrir Austurbæjarskóla.
- Stigvaxandi kröfur og samfella er í námi nemenda.
- Kennarar hafa töluvert frelsi varðandi val á kennsluháttum.
- Foreldraviðtöl eru reglulega, þar sem er m.a. rætt um líðan nemenda.
- Kennarar eru jákvæðir gagnvart nemendum sem m.a. skilar sér í góðum skólabrag.
- Í vettvangsheimsóknnum voru flestar kennslustundir metnar góðar eða frábærar.
- Mikil ánægja er með samvinnu við bókasafnið í skólanum.
- Á heimasíðu eru greinagóðar upplýsingar um hvernig námsmat í skólanum er samkvæmt nýrri aðalnámskrá.
- Tilgreint er í kennsluskrám hvað liggur til grundvallar námsmati í einstökum greinum.
- Nemendur voru vinnusamir í kennslustundum og viðmót var gott.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Uppfæra þarf hluta skólanámskrár og gagnlegt væri að birta hana sem heildstætt skjal.
- Tækifæri liggja í því að móta markvissari stefnu um hvernig grunnþættir menntunar birtast í almennu skólastarfi og í einstökum námsgreinum.
- Leggja þarf áherslu á að aðlaga námsefni fyrir nemendur sem það þurfa og lagt er til að reynt verði að veita stuðning innan bekkjar sé þess kostur.
- Tækifæri eru að kynna betur fyrir foreldrum og nemendum kennsluskrár/kennsluáætlanir.
- Tækifæri eru að vekja meiri athygli á verkefnum nemenda á heimasíðu, t.d. fjölbreyttum og margvíslegum árangri nemenda og þátttöku einstaklinga í keppnum innan og utan skólans.
- Tryggja þarf að niðurstöður allra kannana séu kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé með niðurstöðum.
- Tækifæri eru til að auka enn frekar fjölbreytni kennsluhátta.
- Sóknarfæri eru í að auka eigið val og útfærslu nemenda á verkefnum enn frekar.
- Gagnlegt væri að bæta merkingar í skólanum, t.d. á kennslustofum og í anddyri.
- Lagt er til að verkefni nemenda verði sýnilegri á veggjum skólans og í skólastofum.
- Lagt er til að uppröðun borða og námsumhverfi sé fjölbreyttara.
- Æskilegt væri að hafa nemendasamtöl reglulega.

<sup>5</sup> <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

- Tækifæri liggja í því að endurskoða heimanám í skólanum, með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Huga þarf að því að nemendur fáist við fjölbreytt viðfangsefni og hafi val um útfærslur verkefna.
- Leggja þarf meiri áherslu á að kynna nemendum námsmarkmið og viðmið um árangur og gera þau sýnileg.
- Auka ætti áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun.
- Auka ætti samvinnu og samstarf nemenda.
- Auka ætti val nemenda um námsaðferðir eða viðfangsefni, kynna þeim mismunandi leiðir til að afla sér þekkingar og leikni í námi og auka fjölbreytni kennsluhátta.
- Efla þarf notkun upplýsinga- og samskiptatækni í skólastarfinu meðal nemenda

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: LÝÐRÆÐISLEG VINNUBRÖGÐ OG ÁBYRGÐ OG ÞÁTTTAKA

#### STYRKLEIKAR

- Samskipti í skólasamfélaginu eru mjög jákvæð og einkennast af virðingu.
- Valið er í stjórn nemendafélags með lýðræðislegri kosningu.
- Einn liður í stefnumótun skólans er nemendaping sem haldið var í skólanum í október 2017 (eftir að matið fór fram) og ætla má að það styrki lýðræðislega vinnu með nemendum.
- Hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá eru birt í kennsluskrá sem eru aðgengilegar á heimasíðu skólans.
- Matsaðilar sáu dæmi um matskvarða (A,B,C,D) í verkefni í vettvangsathugun og fengu sýnishorn af öðru með gögnum sem skólinn sendi inn.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA.

- Móta þarf leiðir fyrir nemendur til að koma ábendingum á framfæri varðandi skólastarfið og kynna fyrir þeim.
- Tryggja þarf að fulltrúar nemenda geti tekið virkan þátt í umræðum og störfum ráðsins.
- Gera ætti upplýsingar og ákvarðanir ráða eða nefnda þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja í aðgengilegar öllum nemendum.
- Tryggja þarf að markmið kennslustunda séu nemendum ljós, svo og viðmið um árangur.
- Leita ætti leiða til að virkja og kenna nemendum að setja sér námsmarkmið og að vinna samkvæmt þeim.

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: MENNING OG VIÐHORF, NÁMSKRÁ OG ÁÆTLANIR, UPPLÝSINGAMIÐLUN OG SAMSKIPTI, STARFSHÆTTIR

#### STYRKLEIKAR

- Skólabragurinn einkennist almennt af viðurkenningu, sanngirni og virðingu.
- Birt stefna skólans endurspeglar sýn um skóla án aðgreiningar.
- Stjórnendur skólans hafa ýmsar hugmyndir um kennsluhætti og skipulag skólstarfs sem styður hugmyndafræði um nám án aðgreiningar.
- Í rýnihópi foreldrar kom fram mikil ánægja með þátttöku þeirra í gerð einstaklingsnámskráa.
- Heildaráætlun skólans um stuðning hefur verið unnin og skilað til SFS fyrir þetta skólaár.
- Foreldrar hafa tækifæri til að koma með tillögur í einstaklingsnámskrár barna sinna og óskað er eftir undirritun frá þeim.
- Á heimasíðu skólans er greinagóður listi yfir skimanir sem eru gerðar í hverjum árgangi.
- Nemendaverndarráð hefur sett sér starfs- og verklagsreglur sem birtar eru í starfsáætlun og eru mjög vel unnar.
- Kennarar eru mjög ánægðir með að hafa kost á að leita til námsráðgjafa, þroskapjálfa og/eða atferlipjálfa í skólanum.
- Markvisst er leitað eftir sjónarmiðum nemenda og foreldra með könnunum Skólapúlsins og niðurstöður hafa verið kynntar í skólanum.
- Stefna skólans er að leiðsagnarmat sé hluti af kennsluháttum skólans og byrjað er að innleiða það.
- Góð samvinna hefur verið milli unglिंगadeildarkennara og bókasafns í tengslum við ritun og mikil ánægja er með samstarfið.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Móta þarf sameiginlega sýn um skóla án aðgreiningar með þátttöku allra hagsmunaaðila skólans og með forystu skólastjórnenda.
- Koma þyrfti betur til móts við nemendur af erlendum uppruna, m.a. með aðlöguðu námsefni og námsmati.
- Gott væri að fá fræðslu um virkt tvítyngi fyrir allt starfsfólk.
- Gera ætti sýnilegra að í skólanum eru margir nemendur með annað tungumál en íslensku.
- Leggja ætti meiri áherslu á lýðræðisvinnu nemenda og kynna fyrir þeim leiðir til þess.
- Endurskoða ætti markmið með foreldraviðtölum með nemendum.
- Skýra þarf betur verklag og í hverju stuðningur og aðlögun felst í heildaráætlun skólans.
- Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár séu gerðar í upphafi skólaárs.
- Tryggja þarf að einstaklingsnámskrár tengist bekkjarnámskrám, að í þeim séu tilgreind skýr hæfniviðmið, markmið, námsmat og ábyrgð hagsmunaaðila.
- Í einstaklingsnámskrám ætti að tilgreina hvernig samstarfi við foreldra er háttað og þeir, ásamt nemendum, ættu að hafa tækifæri til að móta áherslur í einstaklingsnámskrá, m.a. út frá áhugasviði, félagslegri þátttöku, sterkum og veikum hliðum
- Tryggja þarf að unnið sé með niðurstöður skimana og kannana.
- Tækifæri eru í að efla samskipti við þjónustumiðstöð enn frekar.
- Mikilvægt er að starfsfólk í sérkennslu og stuðningi fundi reglulega og markvisst.
- Gera þarf verkferla um samvinnu skólastiga sýnilega og tilgreina hver heldur utan um samstarfið og ábyrgð við skólaskipti.
- Tryggja þarf að áætlanir um skólaskil/tilfærsluáætlanir berist skólanum, þær séu framkvæmdar og fari frá skólanum. Skrá þarf hver ber ábyrgð á að fylgja áætlunum eftir.



- Tryggja þarf að allir hagsmunaaðilar fái upplýsingar um nemendur er varðar hagsmuni þeirra.
- Tryggja þarf að niðurstöður kannana séu allar kynntar hagsmunaaðilum og unnið sé með niðurstöðurnar.
- Birta ætti helstu upplýsingar um skólann og skólastarfið á fleiri tungumálum en íslensku á heimasíðu.
- Vinna ætti markvisst að því að efla teymis- og samvinnu kennara.
- Koma ætti til móts við nemendur og starfsfólk varðandi bættu aðstöðu og betri tækjabúnað.
- Tryggja ætti að nemendur sem það þurfa, fái aðlagað námsefni.
- Efla þarf fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, t.d. leggja meiri áherslu á samræðu og samstarf meðal nemenda.
- Mikil tækifæri liggja í því að endurskoða námsmat í skólanum með þátttöku allra hagsmunaaðila.
- Í einstaklingsnámskrám ætti að skrá í hæfniviðmiðum hvaða hæfni nemendur eiga að ná, fremur en hvað nemendur eiga að gera.

## MANNAUÐUR - SAMANTEKT

Í viðmiðum um mannauð er fjallað um starfsánægju, líðan og aðbúnað á vinnustað, viðhorf til stjórnunar og samstarf og upplýsingamiðlun.

Hér á eftir eru styrkleikar og tækifæri til umbóta úr niðurstöðum ytra mats í Austurbæjarskóla, í hverjum kafla fyrir sig. Samantektin byggir á viðmiðum og vísbendingum um gæði í skólastarfi.<sup>6</sup>

## MANNAUÐUR

### SAMANTEKT ÚR KÖFLUNUM: STARFSÁNÆGJA, LÍÐAN OG AÐBÚNAÐUR Á VINNUSTAÐ, VIÐHORF TIL STJÓRNUNAR, SAMSTARF OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

#### STYRKLEIKAR

- Í rýnihópum kennara og starfsmanna kemur fram að starfsandi í skólanum er góður.
- Samskipti í starfsmannahópnum eru hreinskiptin og góð.
- Samskipti nemenda og starfsmanna einkennast af gagnkvæmri virðingu.
- Starfsmannafélagið er virkt og stendur fyrir ýmsum viðburðum.
- Stjórnendur sýna umhyggju og veita góðan stuðning ef eitthvað alvarlegt kemur upp á hjá nemendum eða starfsmönnum.
- Starfsfólki finnst gott að leita til stjórnenda.
- Skólastjóri veitir kennurum góða endurgjöf og sýnir áhuga á kennslunni.
- Unnið er að þróunarverkefnum í skólanum og kennarar eru almennt jákvæðir gagnvart skólaþróun.
- Skólastjóri hvetur til samstarfs kennara.
- Starfsmannahandbók er til og í henni eru ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir nýja starfsmenn.
- Vel er tekið á móti nýju starfsfólki.

#### TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

- Huga þarf að líðan starfsmanna og leita leiða til að bæta hana.
- Tryggja þarf að jafnrétti sé virt og jafnæðis sé gætt meðal starfsmanna.
- Þegar mótun gilda/einkunnarorða skólans með þátttöku helstu hagsmunaaðila skólasamfélagsins hefur farið fram, er mikilvægt að allir tileinki sér þau.
- Tryggja þarf að allir starfsmenn séu upplýstir um viðbrögð við einelti og áreiti í starfsmannahópnum.
- Endurnýja þarf húsbúnað og tölvukost og bæta vinnuástöðu og kaffistofu starfsfólks.
- Brýnt er að bæta aðgengi í skólanum fyrir hreyfihamlaða verulega
- Leita þarf leiða til að efla stjórnunarteymið og fjölga millistjórnendum.
- Bæta þarf samstarf og samskipti milli stjórnanda og starfsmanna.
- Brýnt er að byggja upp traust milli stjórnenda og starfsmanna.
- Skoða þarf hvernig auka má samráð milli stjórnenda og kennara varðandi stefnu skólans og skólastarfið.
- Auka ætti samstarf og samvinnu kennara.
- Gæta þarf að því að allir starfsmenn hafi rödd varðandi skólastarfið og að tekið sé tillit til ábendinga starfsmanna.
- Bæta mætti fræðslu og þjálfun nýrra starfsmanna.

<sup>6</sup> <http://reykjavik.is/vidmid-um-gaedi-i-skolastarfi-fyrir-ytra-mat-grunnskolum>

- Leita þarf leiða til að bæta upplýsingaflæði í skólanum.
- Miðla mætti upplýsingum á fjölbreyttari hátt, t.d. með vikulegum tölvupóstum frá stjórnendum eða útprentuðu fréttabréfi.
- Tryggja þarf að almennir starfsmenn fái endurgjöf á sín störf og fari reglulega í starfsþróunarsamtal.

Stjórnun			Nám og kennsla			Mannauður
Fagleg forysta	Stefnumótun og skipulag	Samskipti heimila og skóla	Nám og námsaðstæður	Þátttaka og ábyrgð nemenda	Skóli án aðgreiningar	Mannauður
Stjórnandinn sem leiðtogi	Starfsáætlun og skólanámskrá	Skólaráð, foreldrafélag	Inntak og árangur	Lýðræðisleg vinnubrögð	Menning og viðhorf	Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað
Stjórnun stofnunar	Skóladagur nemenda	Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun	Skipulag náms og námsumhverfi	Ábyrgð og þátttaka	Námskrá og áætlanir	Viðhorf til stjórnunar
Faglegt samstarf	Verklagsreglur og áætlanir		Kennsluhættir og gæði kennslu		Upplýsingamiðlun og samskipti	Samstarf og upplýsingamiðlun
Skólaþróun			Námshættir og námsvitund		Starfshættir	

Myndin sýnir meðaltalsútkomu í hverjum undirkafla skýrslunnar þar sem **dökkgrænt** sýnir mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf, **ljósgrænt** gott verklag þar sem flestir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi, **gult** þýðir að einhverjir mikilvægir þættir þarfnast úrbóta og **rautt** að verklag er óviðunandi og uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum.

#### Frábær

Kennslustundin telst a.m.k. góð í öllum meginatriðum og til fyrirmyndar í ákveðnum þáttum sem sést á því að allir nemendur taka greinilegum framförum.

#### Góð

Flestir nemendur ná árangri vegna góðrar kennslu. Hegðun er almennt góð og nemendur áhugasamir. Þeir vinna í öruggu og vinsamlegu umhverfi.

Kennslan byggir á öruggri þekkingu á námsgreininni ásamt vel skipulögðum verkefnum sem nemendur fást við. Verkefni mæta vel ólíkum þörfum nemenda svo flestir fá verkefni við hæfi. Kennsluaðferðir eru í samræmi við markmið kennslustundarinnar og þarfir nemenda. Stuðningsfulltrúar og aðrar bjargar eru vel nýttar og tími vel nýttur. Mat á verkum nemenda er stöðugt, samræmt og styður við framfarir.

#### Þarf að bæta

Kennslustundin telst ekki óviðunandi í neinum meginþáttum og kann að vera góð í sumum þáttum sem kemur fram í því að flestir nemendur njóta stundarinnar og ná viðunandi árangri.

#### Óviðunandi

Kennslustund getur ekki talist viðunandi ef:

- Flestir nemendur eða ákveðinn hluti nemendahópsins ná ekki fullnægjandi árangri.
- Almenn hegðun nemenda eða viðhorf eru óviðunandi og ekki virðist vera stuðlað að alhliða þroska og menntun.
- Heilsa eða öryggi nemenda er ekki tryggt.

Kennslan er óviðunandi. Óviðunandi kennsla einkennist að öllum líkindum af einu eða fleiri eftirfarandi:

- Lítil þekking á námskrá sem leiðir af sér ónákvæmni í kennslu og litlar kröfur til nemenda.
- Verkefni ríma ekki við fyrri þekkingu nemenda.
- Bekkjarstjórnun er ábótavant.
- Aðferðir henta ekki námsmarkmiðum eða ná ekki að vekja áhuga nemenda.
- Óviðunandi nýting bjarga, þ.m.t. aðstoðarmanna og tímans sem til ráðstöfunar er.
- Lítil áhersla er á mat og endurgjöf.

<b>Vettvangsathugun – gátlisti Matsaðili:</b>	<b>Skóli</b>
<b>Bekkur:</b>	Dags./vikud.:
<b>Námsgrein:</b>	Kl.(upphaf-lok)
<b>Kennari: Aðrir starfsmenn:fjöldi/hlutverk</b>	Fjöldi nemenda í stundinni: Fjöldi nemenda í sérúrræði:
<b>Kennsluhættir: (merkja hámark við 3) Innlögn, verkefnavinna, þemavinna, verklegt, sköpun og tjáning, tilraunir, markviss samvinna, sjálfstæð vinna/eigið val, bekkjarfundur</b>	Samvinna nemenda/einstaklingsvinna. Nemendur nota UT: Kennari notar UT:
<b>Kennari ákveður verkefni og útfærslu þess Nemendur hafa val um verkefni og/eða útfærslu verkefnis</b>	Markmið stundarinnar eru gerð sýnileg eða kynnt: Já/nei

<b>Skipulag kennslustofunnar</b>	
<b>Sætaskipan/uppröðun</b>	
<b>Hvað er á veggjum/töflunni/ reglur sýnilegar</b>	
<b>Tölvur og tækni</b>	
<b>Kennslugögn</b>	
<b>Staðsetning kennarans</b>	
<b>Aðrir starfsmenn/virkni þeirra</b>	
<b>Annað</b>	
<b>Framvinda kennslustundarinnar</b>	
<b>Upphaf kennslustundar: <i>Hvernig er tekið á móti nemendum? Er heilsað? Nafnakall ?</i></b>	
<b>Kennslustundin er vel undirbúin</b>	
<b>Kveikja/ áhugi vakinn</b>	
<b>Tíminn er vel nýttur (nemendur virkir á 5 mín.)</b>	
<b>Kennarinn dregur saman í lokin</b>	
<b>Kennslustund lýkur formlega</b>	
<b>Markmið, mat og endurgjöf</b>	
<b>Hver eru markmið stundarinnar?</b>	
<b>Nemendur þekkja markmiðin</b>	
<b>Viðmið um árangur eru sýnileg</b>	
<b>Nemendur fá leiðbeinandi endurgjöf (leiðsagnarmat)</b>	
<b>Námsmat er fjölbreytt</b>	
<b>Sjálfsmat og/eða jafningjamat</b>	
<b>Skriflegt mat kennara kemur fram í vinnubókum eða annarsstaðar</b>	
<b>Samskipti og samstarf</b>	
<b>Fjölbreytileikinn er virtur</b>	
<b>Samskipti nemenda er jákvæð</b>	

<b>Gagnkvæm virðing ríkir fyrir öllum</b>			
<b>Samvinna er markvisst þjálfuð</b>			
<b>Vinnufriður</b>			
<b>Markviss bekkjarstjórnun</b>			
<b>Kennsluaðferðir og vinnutilhögun</b>			
<b>Kennslan er skipulögð til að mæta ólíkum þörfum nemenda</b>			
<b>Nemendur hafa val</b>			
<b>Verkefnin eru krefjandi</b>			
<b>Verkefnin eru heildstæð og samþætt</b>			
<b>Allir nemendur eru virkir</b>			
<b>Kennsluhættir hæfa verkefnum</b>			
<b>Kennsluhættir eru fjölbreyttir</b>			
<b>Nemendur þjálfast í sjálfstæði</b>			
<b>Nemendum er kennt að setja sér markmið</b>			
<b>Nemendur nýta sér mismunandi leiðir í náminu m.a. upplýsingatækni</b>			
<b>Nemendur fá þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri</b>			
<b>Tíminn sem nemendur fá til að tjá sig um námið er ekki minni en tími kennarans</b>			
<b>Námsaðlögun</b>			
<b>Kennslan er löguð að stöðu nemenda</b>			
<b>Verkefnin eru í samræmi við námsmarkmið hvers og eins</b>			
<b>Nám tekur mið af áhuga og hæfni nemenda</b>			
<b>Nemendahópar vinna að mismunandi verkefnum með fjölbreyttum aðferðum</b>			
<b>Nemendur geta valið sér námsaðferðir</b>			
<b>Grunnþættir menntunar skv. aðalnámskrá eru sýnilegir</b>			
<b>Læsi</b>			
<b>Sjálfbærni</b>			
<b>Heilbrigði og velferð</b>			
<b>Lýðræði og mannréttindi</b>			
<b>Jafnrétti</b>			
<b>Sköpun</b>			
<b>Tvö atriði sem eru vel gerð og eitt sem má bæta:</b>			
<b>Frábær</b>	<b>Góð</b>	<b>Þarf að bæta</b>	<b>Óviðunandi</b>

Matsaðilar fóru í 38 kennslustundir við ytra matið og notuðu til þess viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1) með gátlista (fylgiskjal 2). Metið var hvernig val á verkefnum fór fram, hvort nemendur unnu einstaklingslega eða í samvinnu, hvort markmið voru kynnt nemendum í kennslustundinni og að lokum hvernig kennslustundin var metin í heildina.


Í heimsóknnum matsaðila var oftast merkt við fleiri en eina kennsluaðferð í hverri kennslustund því oft voru nokkrar kennsluaðferðir notaðar. Innlögn var í 24 kennslustundum, eða 63%, verkefnavinna var í 58% kennslustunda sem metnar voru, sjálfstæð vinna var í 24% kennslustunda, verkleg vinna var í 21% kennslustunda, sem og sköpun (21%), tjáning var í 16% kennslustunda, markviss samvinna í 11% stunda og þemavinna í 11%. markviss samvinna í 42% sem er ágætt hlutfall miðað við aðra skóla, sjálfstæð vinna 11%. Vettvangslýsingar sýndu að nokkuð fjölbreyttar leiðir voru notaðar til að hvetja og styðja við nám í Austurbæjarskóla en mörg tækifæri eru til að efla þennan þátt frekar (tafla 1).

Tafla 1: Kennsluaðferðir í 38 kennslustundum í Austurbæjarskóla.

Kennsluaðferðir	Fjöldi	Hlutfall (%)
Innlögn	24	63%
Verkefnavinna	22	58%
Sjálfstæð vinna	9	24%
Verkleg vinna	8	21%
Sköpun	8	21%
Tjáning	6	16%
Markviss samvinna	4	11%
Þemavinna	4	11%


Í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru, var töluvert meiri áhersla á einstaklingsvinnu en samvinnu, enda þó hún væri til staðar. Einstaklingsvinna var í 63% þeirra kennslustunda sem heimsóttar voru, en það er nokkuð hærra hlutfall en matsaðilar sjá almennt í skólum sem þeir fara í. Samvinna var aðeins 8% kennslustunda en blanda af einstaklings- og samvinnu var í 29% kennslustunda (mynd 1).






Mynd 1: Vinna í 38 kennslustundum, einstaklingsvinna eða samvinna.

Á mynd 2 sést hversu mikið tölvu- og upplýsingatækni var nýtt í þeim kennslustundum sem heimsóttar voru. Í 55% kennslustunda voru hvorki nemendur né kennarar að nota tölvu- eða upplýsingatækni, í 21% kennslustunda notuðu aðeins kennarar tölvu- og upplýsingatækni og í 16% kennslustunda notuðu bæði kennarar og nemendur tölvu- og upplýsingatækni. Í 8% kennslustunda notuðu bara nemendur tölvu- og upplýsingatækni í kennslustundinni.




Mynd 2: Notkun upplýsingatækni í 38 kennslustundum.

Í vettvangsheimsóknnum matsaðila var skoðað hvort markmið kennslustundanna væru sýnileg eða kynnt nemendum. Í aðeins 16% þeirra stunda sem farið var í voru markmiðin sýnileg nemendum en þau voru kynnt í 55% kennslustunda (myndir 3 og 4).




Mynd 3: Markmið gerð sýnileg.



Mynd 4: Markmið kennslustundar kynnt.

Kennslustundir voru metnar eftir viðmiðum um gæði í kennslustundum (fylgiskjal 1 og 2) í vettvangsskoðunum matsaðila. Af þeim 38 kennslustundum sem voru metnar, voru 26 metnar góðar, eða 68%. Í samanburði við 1000 kennslustundir í grunnskólum Reykjavíkur árin 2009-2014 voru kennslustundir í Austurbæjarskóla svipaðar þeim sem voru metnar þá (mynd 5). Þó sáu matsaðilar nokkuð um að áhersla var á að nemendur unnu í vinnubækur, á ljósrituð blöð og gerðu eyðufyllingar en lagt er til að lögð verði meiri áhersla á fjölbreyttari aðferðir til að koma til móts við nemendur. Matsaðilar sáu líka mjög góðar kennslustundir, bæði á unglinga, mið- og yngsta stigi en heilt yfir virtist þó lítið um fjölbreytta kennsluhætti. Hins vegar stóð upp úr vettvangsheimsóknnum matsaðila að kennara voru jákvæðni gagnvart nemendum og viðmót var gott.



Mynd 5: Mat á 38 kennslustundum í Austurbæjarskóla í samanburði við 1000 kennslustundir í öðrum skólum.

## FYLGISKJAL 4, ÁRANGUR OG LÍÐAN NEMENDA – YFIRLIT KANNANA

Árangur nemenda í Austurbæjarskóla í samræmdum prófum hefur haldist nokkuð svipaður árin 2005-2016. Síðustu fjögur ár, árin 2013-2016 hefur námsárangur í 4. bekk þó oftast en ekki verið undir meðaltali skóla í Reykjavík í íslensku og stærðfræði. Í 7. bekk var námsárangur nemenda í íslensku oftast yfir meðaltali síðustu fjögur ár en í stærðfræði var árgangur undir meðaltali árin 2015-2016 en yfir meðaltali 2013-2014. Í 10. bekk hefur árangur nemenda verið oftast yfir meðaltali annarra skóla í íslensku, stærðfræði og ensku (tafla 2).

Tafla 2. Samræmd könnunarpróf, niðurstöður Austurbæjarskóla árin 2005-2016


Samræmd könnunarpróf - meðaltöl	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<b>4. bekkur</b>												
Íslenska	31,0	35,0	28,8	30,7	31,8	39,3	32,6	30,3	33,5	30,4	32,2	27,4
Reykjavík	30,9	30,6	30,4	30,3	31,3	31,2	30,4	30,5	30,8	30,6	30,9	30,1
Stærðfræði	30,9	34,1	29,5	33,6	31,9	36,6	31,5	29,2	34	28,1	29,2	27,1
Reykjavík	30,0	30,2	30,0	30,0	30,4	30,5	30,1	29,8	30,7	30,3	30,8	30,0
<b>7. bekkur</b>												
Íslenska	30,1	30,9	34,1	30,3	35,8	29,4	34,6	32,3	35	32,7	33,4	30,6
Reykjavík	31,2	30,6	30,5	30,4	31,3	30,8	30,8	30,6	30,8	31,3	30,7	30,9
Stærðfræði	30,4	30,0	29,7	32,0	32,7	32,0	35,6	33,9	31,1	32,3	28,5	26,3
Reykjavík	31,1	30,5	30,6	30,8	31,0	30,4	30,9	30,5	30,6	31,4	30,4	30,4
<b>10. bekkur</b>												
Íslenska	33,4	28,2	32,8	29,4	30,6	32,8	27,1	33,7	27,9	32,4	38,3	
Reykjavík	31,8	30,4	30,7	31,3	31,0	30,6	30,8	31,1	30,5	30,9	31,2	
Stærðfræði	38,0	33,7	36,0	33,0	34,1	32,5	31,6	36,6	32,5	34,3	35,4	
Reykjavík	31,3	30,3	30,6	31,4	30,9	30,9	30,9	29,7	30,4	31,0	31,3	
Enska				28,8	31,2	34,1	61,5	35,6	31,9	33,6	34,7	
Reykjavík				32,1	31,7	31,0	31,3	31,1	31,2	31,5	31,6	
											Yfir meðaltali	
											Undir meðaltali	

Í töflu 3 má sjá hlutföll nemenda í Austurbæjarskóla sem tóku þátt í Lesskimun og Talnalykli árin 2005-2016.

Tafla 3: Niðurstöður Lesskímunar og Talnalykils í Austurbæjarskóla.

Lesskímun og Talnalykill	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
<b>Lesskímun 2. bekkur</b>												
Hlutfall sem les sér til gagns	73%	67%	73%	79%	86%	76%	58%	51%	81%	61%	75%	71%
Reykjavík	60%	65%	66%	67%	69%	67%	71%	69%	63%	66%	64%	66%
<b>Talnalykill 3. bekkur</b>												
Hlutfall sem tekur bara 1. hluta		70%	53%	68%	86%	83%	65%	74%	74%	78%	80%	85%
Reykjavík		69%	68%	66%	69%	72%	74%	76%	75%	73%	71%	73%


Mynd 6 sýnir hlutfall nemenda í 2. bekk í Austurbæjarskóla árin 2013 til 2017, sem geta lesið sér til gagns, borið saman við hlutfall nemenda í Reykjavík. Hlutfall nemenda sem les sér til gagns samkvæmt Lesskímunninni hefur verið aðeins yfir meðaltali skóla í Reykjavík síðustu þrjú ár. Vorið 2017 gátu 65% nemenda sem tóku þátt, lesið sér til gagns í Austurbæjarskóla (í Reykjavík 63%), 2016 voru það 71% nemenda í Austurbæjarskóla (í Reykjavík 66%) og árið 2015 gátu 75% nemenda sem tóku þátt lesið sér til gagns.



Mynd 6: Lesskimun, hlutfall nemenda sem geta lesið sér til gagns.

Á mynd 7 má sjá hlutföll nemenda í Austurbæjarskóla eftir því í hversu mörg þrep þeir þurftu að fara og hvort þeir þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði. Niðurstaðan er einnig borin saman við hlutföllin í Reykjavík í heild sinni sem og hlutföllin í Austurbæjarskóla árið 2015.

Á myndinni má sjá að árangur skólans var betri 2016 en 2015 og betri en meðaltal skóla í Reykjavík það árið 2016.



Mynd 7: Talnalykill, hlutfall nemenda sem þurfa á sérstökum stuðningi að halda í stærðfræði.

Skólinn tók þátt í könnun Skólalúlsins 2016-2017 fyrir eldri nemendur. Þar kom fram að þrautsegja í námi, samband nemenda við kennara og mikilvægi heimavinnu var marktækt lægra í Austurbæjarskóla en í svörum annarra þátttakanda (nemenda í öðrum skólum sem tóku þátt).

Tafla 4. Skólalúlsinn, niðurstöður Austurbæjarskóla 2017, virkni nemenda í skólanum.

Virgni nemenda í skólanum	Austurbæjarskóli	Landið
Ánægja af lestri	4,9	4,9
Þrautsegja í námi	4,5	5,1*
Trú á eigin vinnubrögðum í námi	5,1	5,1
Trú á eigin námsgetu	4,8	5,0
Agi í tímum	5,3	5,1
Virk þátttaka nemenda í tímum	5,1	5,2
Samband nemenda við kennara	4,8	5,1*
Mikilvægi heimavinnu í náminu	4,2	4,8*

\*Marktækt lægra þýðir að svör þátttakanda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins (nemendur í öðrum skólum sem tóku könnunina) og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu.

Tafla 5: Skólalúlsinn, niðurstöður nemendakönnunar í Austurbæjarskóla, líðan og heilsa.

Líðan og heilsa	Austurbæjarskóli	Landið
Vellíðan	4,9	4,9
Sjálfsálit	5,0	5,0
Stjórn á eigin lífi	4,9	4,9
Tíðni eineltis	5,0	5,2

Skólinn tók þátt í foreldrakönnun Skólalúlsins 2017. Þar kom fram að ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum, nám er í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra, ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur og ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda kom marktækt lægra út í Austurbæjarskóla en í svörum annarra þátttakanda (foreldra í öðrum skólum sem tóku þátt).

Tafla 6: Skólalúlsinn, niðurstöður foreldrakönnunar 2017

Nám og kennsla	Austurbæjarskóli	Landið
Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	4,5	5,1*
Nám er í takt við grunnstoðir aðalnámskrár að mati foreldra	4,7	5,1*
Ánægja foreldra með stjórnun skólans	89,6%	90,5%
Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	4,2	4,7*
Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	79,4%	87,3%*
Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra	92,9%	92,3%
Ánægja foreldra með úrvinnu skólans á eineltismálum	70,0%	60,7%

\*Marktækt lægra þýðir að svör þátttakanda í rannsókninni hafi verið tölfræðilega marktækt frábrugðin svörum viðmiðunarhópsins (foreldrar í öðrum skólum sem tóku könnunina) og að líkur megi leiða að því að munurinn sem kemur fram í úrtakinu sé einnig til staðar í þýðinu.

Í starfsáætlun SFS 2017 kemur fram að nemendur í Austurbæjarskóla voru 413 þann 1. október 2016. Þar kemur fram að nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru máli voru 149, sem þýðir að 36% nemenda þurfa stuðning í íslensku.

Milli mála er málþroskapróf sem er tekið í 1.-10. bekk fyrir nemendur sem eru með annað móðurmál. Haustið 2017 sýndu niðurstöður prófsins að margir nemendur í Austurbæjarskóla eru í verulegum vanda með orðaforða þess námsefnis sem þeir vinna með inn í bekk. Samkvæmt *Milli mála* niðurstöðum haustið 2017 fær skólinn úthlutun vegna 126 nemenda. Hluti þeirra fær sérstaka aðstoð, annað hvort í sérstökum tímum í íslensku sem öðru tungumáli eða í námsveri. 73% þessara nemenda kemur út á rauðu, sem gefur til kynna að í hverjum bekk er stór hluti hópsins sem skilur ekki verkefni sín.